

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 26.04.2016

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Höfnum 26.04.2016

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Dagskrá er eftirfarandi

1. Ársreikningur 2015 önnur umræða
2. Bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga
3. GSM sendir
4. Víkur , Ásbúðir, rafmagn,ljósleiðari
5. Önnur mál

## **1. Ársreikningur 2015 önnur umræða**

Rekstrartekjur A og B hluta voru kr.87.643.000

Rekstargjöld A hluta og B hluta voru 80.558.000 kr.

Rekstrarafgangur A og B hluta er 6.230.000 kr.

Ársreikningur er samþykktur samhljóða án athugasemda og undirritaður.

## **2. Bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir því að verkefni heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga verði aukin en vill leggja áherslu á að farið verði varlega í að stækka heilbrigðisvæðin vegna mikilla fjarlægða.

3. Gert hefur verið samkomulag við Mílu um leigu á húsi við Tjörn kr. 300.000. á ári. Endurleigt verður til Símans fyrir 130.000 á ári og hann greiðir einnig rafmagn. Samningarnir gilda til 3 ára og verða á nafni Fjarskiptafélags Skagabyggðar.

Gerður er viðauki við fjárhagsáætlun að upphæð kr. 300.000 sem mætt verður með handbæru fé.

4. Ákveðið hefur verið að fara í rafmagnslögn ásamt ljósleiðara í Víkur og Ásbúðir en þar hefur ekki verið veiturafmagn. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Fjarskiptasjóður munu koma að verkefninu ásamt Skagabyggð. Kostnaður sveitarfélagsins er áætlaður kr. 2.000.000.

Gerður er viðauki við fjárhagsáætlun að upphæð kr. 2.000.000 sem mætt verður með handbæru fé.

5. Rædd voru girðingamál milli Skagastrandar og Skagabyggðar og ákveðið að ráða mann í hreppgirðingu og aðrar girðingar sveitarfélagsins.

## Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 26.04.2016

---

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið